

Félög löggilttra  
endurskoðenda

## Morgunkorn um skattamál 18. mars 2010

Umsjón: Skattanefnd FLE  
Lúðvík Bráinsson, Steingrímur Sigfússon,  
Ásbjörn Björnsson og Elías Illugason

Félög löggilttra  
endurskoðenda

## 1. hluti

## Skattalegt eigið fé

Félög löggilttra  
endurskoðenda

## Skattalegt eigið fé – skv. 11. gr. laga nr. 90/2003

Hugtakið skattalegt eigið fé kemur fram í nokkrum greinum  
tekjuskattslaganna, en þær eru m.a.:

- 11. gr. um skattskyldan arð
- 52. gr. um skiptingu skattalegra réttinda og skyldna milli félaga við skiptingu
- 56. gr. vegna yfirfærslu einstaklingsrekstrar til einkahlutafélags
- Ákvæði XXXIII til bráðabirgða, um auðlegðarskatt

Félag löggilttra  
endurskoðenda

## 11. gr. skattalaganna

## Í 11. gr. um skattskyldan arð segir:

- „Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutudum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfrám 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.“

Félag löggilttra  
endurskoðenda

## 2. mgr. 52. gr. skattalaganna

## Í 2. mgr. 52. gr. er talað um skiptingu skattalegra réttinda og skyldna milli félaga við skiptingu, en þar segir:

- „Við skiptingu skv. 1. mgr. skiptast skattalegar skyldur og réttindi milli félaganna í sama hlutfalli og bókfært verð eigna að frádregnum skuldum sem flytjast til þeirra.“

Hér er að sjálfsgöðu átt við skattalegt bókfært verð eigna og skulda enda er verið að fjalla um skattalegar skyldur og réttindi.

Félag löggilttra  
endurskoðenda

## 56. gr. skattalaganna

## Í 56. gr. er kveðið á um yfirfærslu einstaklingsrekstrar til einkahlutafélags. Þar segir m.a.:

- „Við yfirfærsluna skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum rekstrarins, þar með talið eftirstöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, enda séu skilyrði 8. tölul. 31. gr. uppfyllt. Þó ber sá sem stundaði reksturinn ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reksturinn fyrir yfirfærslu hans. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði.“

Líkt og varðandi 2. mgr. 52. gr. verður að leggja þann skilning í að átt sé við skattalegt bókfært eigið fé, enda um að ræða yfirfærslu skattalegra réttinda og skyldna.

Félög löggilttra  
endurskoðenda

## Ákvæði XXXIII um auðlegðarskatt

Í ákvæði XXXIII til bráðabirgða, um auðlegðarskatt, segir:

- „Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 73. gr. skulu lögaðilar telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem skráð eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði en annars hlutdeild sína í **skattalegu bókfærðu eigin fé** viðkomandi félags í stað nafnverðs. Þá skulu lögaðilar telja fram eignarhlutdeild sína í félögum skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. á sama hátt.
- Við ákvörðun auðlegðarskattsstofns skal telja hlutabréf í félögum sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsverði í árslok. Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattsstofns hlutdeild sína í **skattalegu bókfærðu eigin fé** félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins skv. 1. mgr. þessa staflíðar. Þann hluta virðis eignarhluta í félagi sem reiknað er á framangreindan hátt sem umfram er nafnverð eða stofnverð skal telja fram í skattframtali 2011, 2012 og 2013.“

7

Félög löggilttra  
endurskoðenda

## Hvernig reiknum við skattalegt eigið fé ?

Við útreikning á skattalegu eigin fé samkvæmt 56. gr. og 52. gr. þ.e. t.d. þegar verið er að ákvarða hvernig yfirfærni tap skiptist á milli félaga A og B sem hafa orðið til við skiptingu A í tvö félög þá hefur skattalegt eigið fé verið reiknað þannig út:

### Aðferð 1:

- Eigið fé samkvæmt ársreikningi
- Bókfært verð varanlegrar rekstrarfjármuna
- + Skattalegt verð varanlegrar rekstrarfjármuna skv. fyrningaskýrslu
- Bókfært verð eignarhluta í félögum
- + Skattalegt verð eignarhluta í félögum (Upphaflegt kaupverð að frádregnum niðurfærslum)
- + Reikningsháldsleg niðurfærsla krafna
- Skattaleg niðurfærsla krafna
- +/- Tekjuskattskuldbinding / skatteign
- +/- Aðrir mismunur á bókfærðu verði eigna skv. ársreikningi og skattalögum
- = Bókfært verð eigna að frádregnum skuldum

8

Félög löggilttra  
endurskoðenda

## Hvernig reiknum við skattalegt eigið fé ?

Við útreikning á skattalegu eigin fé vegna auðlegðarskatts þá á að miða við eignir umfram skuldir samkvæmt skattframtali að teknu tilliti til hlutdeildar í skattalegu eigin fé vegna eignarhluta í öðrum félögum.

### Aðferð 2:

- Eigið fé samkvæmt ársreikningi
- Bókfært verð varanlegrar rekstrarfjármuna
- + Fasteignamat fasteigna
- + Skattalegt verð annarra varanlegrar rekstrarfjármuna
- Bókfært verð eignarhluta í félögum
- + Nafnverð eignarhluta í öðrum félögum
- + Reikningsháldsleg niðurfærsla krafna
- Skattaleg niðurfærsla krafna
- +/- Tekjuskattskuldbinding / skatteign
- +/- Aðrir mismunur á bókfærðu verði eigna skv. ársreikningi og skattalögum
- = Bókfært verð eigna að frádregnum skuldum samkvæmt skattframtali
- Nafnverð eignarhluta í öðrum félögum
- + Hlutdeild í skattalegu eigin fé vegna eignarhluta í öðrum félögum
- = Stofn til auðlegðarskatts

9



## Hvaða aðferð eigum nota ?

- Nú er spurningin hvaða skattalega eigið fé er átt við í 11. gr. laganna þegar við þurfum að reikna út hve mikill hluti arðsins skattleggst eins og laun.
- Að mínu mati kemur stofn til auðlegðarskatts ekki til greina þar sem um er að ræða sérstaka skilgreiningu sem á aðeins við vegna þess ákveðna skatts.
- Þá koma til greiða aðferð 1 og aðferð 2 á leiðréttingar vegna eignarhluta í félögum vegna auðlegðarskatts

10



## Skiptir máli hvor aðferðin er notuð ?

- Það getur að sjálfsgöðu verið mikill munur á skattalegu eigin fé félags eftir því hvor aðferðin er notuð, vegna mismunandi aðferða við meðferð fasteigna og eignarhluta í félögum.
- Fasteignir eru annars vegar reiknaðar út frá fasteignamati þeirra og hins vegar bókfærðu verði samkvæmt skattalegri fyrningaskýrslu og á milli þessara fjárhæða getur verið mikill munur.
- Varðandi eignarhluta í félögum þá eru tvær mismunandi aðferðir í boði.
  - Skattalegt verð eignarhlutanna – upphaflegt kaupverð að frádrögnum niðurfærslum
  - Nafnverð
  - Þriðja aðferðin er síðan í stofni til auðlegðarskatts - Hlutdeild í skattalegu eigin fé / markaðsverð

11



## Hvaða aðferð eigum við að nota vegna arðgreiðslna ?

- Ég hallast að fyrri aðferðinni þ.e. þar sem við leiðréttum eigið fé í samræmi við bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna samkvæmt skattalegri fyrningaskýrslu og skattalegt bókfært verð eignarhluta í félögum.
- Ástæða þess að ég hallast að þessari aðferð er að ef við gerðum ársreikning í samræmi við skattalög þá væru eignir bókfærðar með þessum hætti.
  - Samkvæmt þessari aðferð væri eigið fé félagsins í samræmi við skattalög. Við myndum ekki færa fasteignir á fasteignamati eða eignarhluti á nafnverði.
  - Að mínu mati er sú fjárhæð sem kemur fram á skattframtali ekki skattalegt eigið fé heldur er þar niðurstaða úr utreikningi á gamla eignarskatts-stofninum.
  - Þetta er hins vegar óljóst og það kæmi ekki á óvart ef skattýfirvöld myndu vilja nota aðferð 2.

12



## Er þetta sanngjörn viðmiðun ?

- Ekki endilega !
- Það má t.d. benda á í þessu sambandi hve mikil áhrif aukaafskriftir á móti söluhagnaði hafa, þá skiptir ekki máli hvaða aðferð er notuð þ.e. ef aukaafskriftin hefur ekki verið á fasteignum. Ef við höfum t.d. niðurfært kvóta um 50 millj. kr. lækkar skattalegt eigið fé um heildarfjárhæðin þ.e. 50 millj. kr. Því við höfum lækkað bókfært verð eignarinnar um þá fjárhæð í fyrningaskýrslunni. Hins vegar hefur eigið fé félagsins í raun ekki lækkað nema um 18% af þeirri fjárhæð eða 9 millj. kr. Sama á við um niðurfærslur á eignarhlutum í félagum.

13



## Auðlegðarskattur – til hugleiðingar

- Ríkisskattstjóri hefur gefið eftirfarandi út um stofn til auðlegðar-skatt a.m.k. með hönnun á eyðublöðum að við útreikning á skattalegu eigin fé félaga sem eiga í öðrum félögum þá er aðeins tekið tillit til félaga sem hafa jákvætt eigið fé. Þau félög sem eru með neikvætt eigið fé jafngilda 0 kr.
- Ef félag er skráð á markaði þá má vænta þess að markaðsverð þess ráðist af stöðu samstæðunnar í heild og ef um skemmd epli er að ræða innan samstæðu þ.e. félög sem standa illa þá hljóta þau að hafa áhrif á markaðsverð samstæðunnar.

14



## Auðlegðarskattur – til hugleiðingar

- Einnig má benda á að í lögnum um auðlegðar skatt segir :
  - „Auðlegðarskattstofn vegna árunna 2009, 2010 og 2011 skal endurreikna við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013 með tilliti til viðbótareignar skv. b-lið. Sá mismunur sem myndast við þann endurreikning og er umfram viðmiðunarmörk 1. mátsl. skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013.“
- B-liður í þessu sambandi eru eignarhlutir í félögum, hvað gerist ef ekki er um viðbótareign að ræða heldur eru eignir ofmetnar. Á þá ekki að leiðrétta ?

15

Félag löggilttra  
endurskoðenda

## 2. hluti

Laun og launaskattur af  
arðgreiðslum

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðendaLaun og launaskattur  
af arðgreiðslum

Hverjir falla undir skilgreinguna?

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

Úr 11. gr. tsl.

- Hjá þeim **skattaðilum** sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

### Úr 1. mgr. 58. gr. tsl.

- Endurgjald fyrir **vinnu** manns, sem reikna skal sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., skal eigi vera lægra en launatekjur hans hefðu orðið ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Sama gildir um endurgjald fyrir starf maka manns, barns hans innan 16 ára aldurs á tekiárinu, venslamanns hans eða nákomins ættingja. [Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekiárs reglur um reiknað endurgjald og birtir þær að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra. Við ákvörðun lágmarksendurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf að viðbættum hvers konar hlunnindum og skiptir ekki máli hvernig þau eru greidd eða í hvaða formi þau eru. Ákvörðun reiknaðs endurgjalds samkvæmt þessari málsgrein er óháð ákvörðun launa skv. 11. gr.]<sup>1)</sup>

Félag löggilttra  
endurskoðenda

### Úr 4. mgr. 58. gr. tsl.

- Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um **starf á vegum lögaðila** eftir því sem við getur átt, enda **vinni** maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem **hann, maki hans, barn** eða **nákomnir ættingjar eða venslamenn** hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

Félag löggilttra  
endurskoðenda

### 2. mgr. 1. tl. 7. gr. A. Tsl.

- Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um **vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila** þar sem hann er **ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar**. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem innt er af hendi af **maka manns eða barni hans** sé starfið innt af hendi fyrir framangreinda aðila.



## Reglur um reiknað endurgjald - RSK

- Tengsl milli launþegans og vinnuveitandans til þess að reikna skuli endurgjald samkvæmt reglum þessum teljast vera fyrir hendi þegar sá sem launin tekur eða ætti að taka telst vera ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Maður telst **ráðandi aðili ef hann sjálfur, maki hans, venslamaður eða annar nátengdur aðili er í stjórn félagsins eða framkvæmdarstjórn þess eða ef hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum eða samstarfsmönnum, á það stóran hlut í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna.**



## Yfirlit yfir hugtakanotkun

- | TSL                                      | RSK                               |                                     |
|--|-----------------------------------|-------------------------------------|
| Stjórn/ framkv.stj.                      | -Maður                            | - Maður                             |
|  | -maki                             | - maki                              |
|  | -barn                             | - venslamaður                       |
|  | -nákomnir ættingjar og venslamenn | - nátengdur                         |
|  |                                   | - samskattað sambúðarfólk           |
| Eignaraðild                              | - sama og stjórn                  | - Maður                             |
|  |                                   | - maki                              |
|  |                                   | - tengda- og venslamenn             |
|  |                                   | - samstarfsmenn                     |
|  |                                   | - samskattað sambúðarfólk           |
| Óbein eignar- og stjórnartengsl – ekkert |                                   | - tekið fram um bæði eign og stjórn |



## Skýrleiki?

- Í frumvarpi og nefndarálitum koma þessi orð fyrir:
  - ráðandi aðilar
  - eigendur rekstrar
- Vegna gagnrýni á óskýrleika 3. gr. laga 128/2009 segir í nefndaráliti meirihluta Alþingis:
- "[...] að í skattframkvæmd liggi fyrir ítarlegar upplýsingar um það hverjum beri að reikna sér endurgjald."
- .

Félög löggilttra  
endurskoðenda

## Stjórnarskrá 77. gr.

- Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.
- Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.
- Af þessu má ráða að fleiri aðilar verða ekki felldir undir skattskyldu en kveðið er á um í lögum og því eigi lagaákvæðið að gilda umfram reglur RSK.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félög löggilttra  
endurskoðenda

## Hvort gildir það sem segir í tsl. eða rsk.

Í lögnum er framselt lagasetningarvaldið m.a. með því að heimila fjármálaráðherra að fengnum tillögum frá RSK að gefa út reglur um reiknað endurgjald.

Var markmiðið með því að

1. ákveða fjárhæðir?
2. fella fleiri aðila undir skattskylduna en gerði það skv. orðanna hjóðan?

Ekki hægt að svara þessu, en að hæpið má telja að það standist stjórnarskrá að markmiðið sé að fella fleiri undir skattskylduna en löggin kveða á um.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félög löggilttra  
endurskoðenda

## Skiptir rekstrarform máli?

- Skiptir máli varðandi reiknað endurgjald hvort um sé að ræða:
  - fasteignafélag
  - rekstrarfélag
  - eignarhaldsfélag
- Þá er réttast að skoða strax ákvæði 7. gr. tsl.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

### “ að vinna við eigin atvinnurekstur”

- Í lögnum er gert ráð fyrir vinnuframlagi
- Hvað ef í fasteignafélagi er ekkert vinnuframlag?
- Það getur ekki átt við um úttekt arðs í þeim, þar sem tekjur félagsins ráðast ekki af vinnuframlagi eiganda
- Hið sama má ætla að gildi um sambærileg félög.
- Forsenda að saman fari vinnuframlag og eignarhlutur hjá sama einstaklingnum til þess að ákvæðið um launaskatt af arði eigi við.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

### Lög um hlutafélög

- Nýtt ákvæði í 70. gr. hlíf.
- Formaður félagsstjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.
- Starfandi stjórnarformaður, hvort sem hann á eignarhlut eða ekki, hlýtur að falla undir ákvæði um að þurfa að reikna að reikna sér endurgjald. Getur þ.a.l. haft áhrif á skattlagningu arðs hjá venslamanni.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

### 3. hluti

#### Arðs-laun

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

## Arðs-laun

- Hvernig á meðhöndla "arðs-launin" í bókhaldi?
- Það er klárt að ekki er hægt að færa þau sem hver önnur laun í bókhaldi. Þetta eru ekki laun í sama skilningi og hin hefðbundnu laun.
- Ef "arðs-launin" verða færð í bókhald (debet á laun) mun rekstur ársins skekkjast verulega auk þess sem við lendum í erfiðleikum með hvar kredit færslan eigi að fara. Ekki á einkareikning.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

## Arðs-laun

- RSK hefur ekki gefið út formlegar leiðbeiningar hvað þetta varðar. Segir einungis að þetta eigi að skattleggjast eins og laun.
- Ein leið væri að nota sömu aðferð og þegar um bifreiðahlunnindi er að ræða. Sem sagt inn-út á launaseðli til að ná tölunni inn í teljarann sem reiknar út skattinn og tryggingargjaldið.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

## Arðs-laun

- En hvað með skattframtalið árið 2011 ?
- Þessi "laun" eru frádráttarbær kostnaður samkvæmt RSK, en við viljum ekki færa þau í bókhaldið.
- Þess vegna þarf að eiga sér stað leiðrétting á skattframtali, annað hvort í sérstökum reit sem settur verður á næsta framtal eða hreinlega í "aðrar breytingar, lækkun".

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

## Arðs-laun

- Hitt er svo annað mál að tryggingargjald og lífeyrissjóðsframlag munum við þurfa að gjaldfæra eins og hvem annan rekstrarkostnað í bókhaldi.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

## Arðs-laun

- Hvað verður um sambengið milli hagnaðar fyrir skatta og gjaldfærðs tekjuskatts í rekstrarreikningi?
- Fyrirtækið er að fá skattafrádrátt vegna gjalda sem ekki eru færð í rekstrarreikning.
- Þar af leiðandi hlýtur sambengið að skekkjast vegna þessa varanlega mismunar (svipað og með arðstekjur eða ófrádráttarbæran kostn.)

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Félag löggilttra  
endurskoðenda

## Arður

- Samkvæmt lögum um ehf og hf er óheimilt að úthluta meiri arði en sem nemur óráðstöfuðu eigin fé skv síðasta samþykka ársreikningi, sem sagt óráðstafað eigið fé í upphafi ársins.
- Hagnaður ársins 2009 getur því fyrst komið til úthlutunar árið 2010, en það þýðir að hagnaður sem varð til fyrir gildistöku laga um "arðs-laun" verður skattlagður að hluta til sem laun.
- Einhverjir myndu kalla þetta afturvirkni.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---